



VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

Tillaga samþykkt á fundi Vísinda- og tækniráðs 25. júní 2010

SIÐAREGLUR FYRIR RANNSÓKNIR OG VIÐBRÖGÐ VIÐ MISFERLI

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er meðal annars fjallað um starfshætti og siðferði á Íslandi í aðdraganda efnahagshrunsins 2008. Háskólasamfélagið og trúverðugleiki þess er þar tekið til umfjöllunar. Vísinda- og tækninefndir hafa í kjölfarið fjallað um hagsmunaárekstra, viðbrögð við misferli og mikilvægi trúverðugleika vísindamanna. Nefndirnar leggja til að settar verði reglur um góð vísindaleg vinnubrögð, hagsmunaárekstra og önnur siðferðileg álitamál sem tengjast rannsóknum og nýsköpun.

Lagt er til að verkefnið verði unnið í tveimur skrefum:

1. Rannís taki að sér að safna gögnum um siðanefndir og viðbrögð við misferli í samráði við sérfræðinga á sviði siðfræði og vísindalegra vinnubragða og geri tillögu til vísinda- og tækninefnda um aðgerðir eigi síðar en haustið 2010.
2. Nefndirnar fjalli um tillögurnar, leiti eftir umsögnum hagsmunaaðila og hafi samráð um að reglurnar verði teknar upp. Að því búnu fái Vísinda- og tækniráð tillögurnar til endanlegrar afgreiðslu.

Lagður verði grunnur að skýrum siðareglum sem hvetja til vandaðra vinnubragða við rannsóknir og nýsköpun. Siðareglurnar fjalli jafnframt um hvernig tekið verður á misferli eða meintum brotum á siðareglum ef til þess kemur. Tillögurnar liggi fyrir í lok árs 2010.